

# Hagnýtar upplýsingar



Leikskólinn Grænuvellir er staðsettur á Torginu sem er eitt af gömlu hverfum Húsavíkur.

Á Grænuvöllum er rými fyrir allt upp í 140 nemendur. Leikskólinn er sjö deilda, tvær á efri hæð og fjórar á neðri hæð og einn viðbygging.

Til sameiginlegra nota er stór salur og tvískipt lóð sem hægt er að hafa opna á milli.

Starf Grænuvalla byggir meðal annars á Aðalnámskrá leikskóla, lögum um leikskóla og Skólastefnu Norðurbings. Starfsáætlun er gerð og birt opinberlega.

Í leikskólanum er jafnréttisstefna, áætlun gagnvart einelti og kynferðislegri áreitni, viðbragðsáætlun vegna áfalla og rýmingaráætlun.

Leikskólinn er opinn daglega 7:45-17:15. Leikskóla- og fæðisgjöld eru borguð fyrirfram.

Leikskólinn er miðsvæðis, stutt í fjöruna, Skrúðgarðinn, fjallið, höfnina, Safnahúsið og Hvamm. Jafnframt er stutt í Borgarhólsskóla.

Á Grænuvöllum er starfandi foreldrafélag sem stendur fyrir viðburðum fyrir nemendur og foreldra þeirra reglulega yfir árið. Stjórn félagsins er skipuð af foreldrum og starfsmanni leikskólans.

Í leikskólanum er starfandi sérkennslustjóri.

Starfsmannahópur Grænuvalla er stór og fjölbreyttur. Meðal okkar ríkir virðing, umhyggja, samhjálp og jákvæðni. Stór hluti hópsins hefur unnið saman frá upphafi og samskipti starfsmannahópsins einkennist af skilningi, hjálpssemi og tillitsemi.

Leikskólanum er gert að framkvæma ytra og innra mat á skólastarfinu. Starfi og framþróun til gagns.

Foreldraráð er á Grænuvöllum sem tekur ákvarðanir um ýmsa þætti leikskólastarfs í samráði við leikskólastjóra.



Eldhúsið á Grænuvöllum stefnir á að elda hollan og góðan mat. Áhersla er lögð á grænmeti og ávexti. Við tökum lýsi daglega. Matseðlar unnir í samstarfi við næringarráðgjafa og Lýðheilsustöð.

# Áhersluþættir

*Betri grunnur - bjartari framtíð* er hreyfipjálfun sem allir nemendur á Grænuvöllum fara í. Í sal leikskólans er sett upp kennslustund þar sem unnið er með alla nauðsynlega grunnhreyfifærni. Hver kennslustund byggir á 6 - 8 mismunandi stöðvum þar sem börnin fá tækifæri til að æfa færni í grófhreyfingum og í samhæfingu hreyfinga á mismunandi erfiðleikastigum. Við leggjum með því áherslu á snemmtæka íhlutun, þ.e. að draga úr frávikum í hreyfiproska.

## Frjáls leikur

Leikur er helsta náms- og þroskaleið barna á leikskólaaldri. Auk þess er leikurinn helsta tjáningarleið þeirra. Á Grænuvöllum gerum við leiknum hátt undir höfði og kennarar fylgjast með, taka þátt og leiðbeina, eftir þörfum og eðli leiksins.

Leikur fer fram inni og úti við fjölbreyttar aðstæður. Í leik þjálfast félagsfærni, þroski eykst og börnin upplifa hinar ýmsu tilfinningar.

## Útikennsla

Allir nemendur á Grænuvöllum fara í útikennslu og er hún skipulögð eftir aldri og þroska nemenda. Helstu markmið með útikennslunni eru að fá fjölbreytta hreyfingu, öðlast betri félagslega færni og skilning á náttúrunni og umhverfinu. Við leggjum einnig áherslu á fjölbreytta upplifun barnanna í náttúrunni og að þau læri að bera virðingu fyrir náttúrunni og ganga vel um hana.

## Tónlist

Markmiðið með tónlistartímum er að vekja áhuga nemenda á tónlist og vekja með þeim jákvæða afstöðu til tónlistar. Börnin kynnast hljóðfærum og læra að umgangast þau.

Þau kynnast fjölbreyttri tónlist og mismunandi hugtökum, t.d. hratt, hægt, veikt og sterkt.

Söng er gert hátt undir höfði. Söngstundir eru á öllum deildum og sameiginleg lög eru sungin í hverjum mánuði.

## Tákn með tali (TMT)

Við notum tákn til að styðja við málið okkar. Tákn með tali byggir á látbragði, svipbrigðum og táknum og er alltaf notað með tali. TMT hjálpar mikið til við máltöku og málproska. Öll börn á Grænuvöllum eiga sitt tákn.

## Markviss málörvun

Markviss málörvun er hugtak sem nær yfir allar markvissar aðgerðir til að efla málproska barna.

Allar deildirnar á Grænuvöllum nota markvissa málörvun, bæði í daglegu starfi sem og skipulögðum stundum. Lögð er áhersla á lestur og þjálfun hljóðkerfisvitundar í gegnum leik, t.d. með því að leika með orð, þulur, rím, atkvæði og sögur. Við leggjum áherslu á virka hlustun og tjáningu barnanna.



# Skólafestna Grænuvalla

Á Grænuvöllum taka nemendur þátt í daglegu starfi leikskólans og hafa áhrif á starfið allt eftir þroska og getu hvers og eins.

Í frjálsa leiknum fær ímyndunarafl og hugmyndaflug nemenda að njóta sín.

Við eigum í nánu samstarfi við foreldra, í daglegum samskiptum og reglulegum samtölum.

Við vinnum með jafnrétti með því að hlusta og viðurkenna hvert annað.

Við vöndum okkur að fara vel með alla hluti, svo sem leikföng og leiksvæði.

Nemendur læra að bera virðingu fyrir náttúrunni og umhverfinu í kringum sig.  
Við stuðlum að umhverfivænni hugsun meðal nemenda s.s. með því að flokka pappír og búa til moltu.

Tónlist skipar stóran sess í starfinu á Grænuvöllum. Þar sem skipulagðar tónlistarstundir eru fyrir nemendur eftir aldri og þroska.

Við leggjum áherslu á hreyfingu s.s. útikennsla, daglega útiveru, gönguferðir, frjálsan leik og hreyfistundir.



Öll börn fá hvíldarstund frá erli dagsins.

Í útiveru vinnum við með náttúruæfni, lærum á íslenska veðráttu og allt sem hún hefur upp á að bjóða.

Við leggjum áherslu á að vinna með verðlausan efnivið í skapandi vinnu.

Við leggjum áherslu á að leikskólinn sé griðarstaður fyrir börn.

Nemendur læri að lesa í tilfinningar sínar og annarra. Í samverustund vinnum við með markvissa málörvun, stærðfræði, þekkingu, tilfinningar, leiki og söng.

Við vinnum í samstarfi við Heilbrigðisstofnun Þingeyinga, Félagspjónustu Norðurþings, Menningarmiðstöð Þingeyinga, Borgarhólsskóla, Tónlistarskólann og Hvalasafnið.

Við eflum og styðjum sjálfsmynd nemenda og stuðlum að andlegu og líkamlegu öryggi. Kennum þeim að bera ábyrgð á eigin hegðun. Við höfum jákvæðan aga til hliðsjónar.

Nemendur læra að taka tillit til annarra og virða skoðanir þeirra. Á Grænuvöllum eru allir jafnir, óháð kyni, litarhætti, aldri, fötlun og trú. Við erum öll frábær eins og við erum.

Við leggjum áherslu á vináttu og virðingu í samverustundum, umræðum, söng og leik.

Við vinnum með *Tákn með tali* og leitumst við að gera starfið sýnilegt myndrænt fyrir nemendur til að efla sjálfstæði þeirra og öryggi.

Við leggjum upp með að börnin verði læs á umhverfi sitt. Við leggjum áherslu á góð samskipti og að hver einstaklingur læri að vera hluti af hóp.

Við leitumst eftir að allir fái verkefni við sitt hæfi og grípum inn í og/eða sækjum eftir þjónustu frá öðrum fagstéttum.

Áhersla er lögð á hátt menntunarstig starfsfólks, símenntun og stöðugt starfsmannahald.